



Þarf leyfi fyrir útvarp?

Já, en aðeins ef útvarpið þarfnast FM-tíðni. Ef útvarpið er bara í gegnum netið þarf ekki að sækja um leyfi fyrir því hjá Fjölmiðlanefnd. Einnig þarf að gæta að höfundarétti ef spila á tónlist í útvarpinu. Þess vegna þarf að sækja um leyfi frá STEF og SFH.

Hvar er hægt að sækja um útvarpsleyfi (leyfi til hljóðmiðlunar)?

Hægt er að sækja um leyfi hjá Fjölmiðlanefnd rafrænt [HÉR](#) eða fylla út umsóknareyðublað og senda til nefndarinnar í tölvupósti með því að smella [HÉR](#). Það getur tekið allt að 2 vikur að afgreiða umsóknir og þess vegna er mikilvægt að sækja tímanlega um. Umsókn þarf einnig að senda til Fjarskiptastofu sem úthlutar FM-tíðni.

Má segja hvað sem er í útvarpi?

Nei. Allir hafa rétt til að tjá sig en það þýðir þó ekki að segja megi hvað sem er í útvarpi eða annars staðar. Það má til dæmis ekki hvetja aðra til að beita ofbeldi, meiða aðra með orðum eða ýta undir hatur á minnihlutahópum. Það má heldur ekki deila viðkvæmum upplýsingum eða atburðum úr einkalífi annarra, án þeirra samþykkis.

Má auglýsa hvað sem er í útvarpi?

Nei. Samkvæmt lögum um fjölmiðla er bannað að auglýsa áfengi, tóbak, rafrettur og áfyllingar fyrir þær. Það má heldur ekki auglýsa happdrættis- og veðmálastarfsemi, sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum, eða lyfseðilskyld lyf.

Þarf að segja frá því ef einhver borgar fyrir að tala um vörur eða þjónustu?

Já, ef einhver borgar þér fyrir að tala um vörur eða þjónustu, til dæmis með því að senda þér ókeypis varning, þarftu alltaf að taka það fram. Annars er um duldar auglýsingar að ræða og þær eru bannaðar samkvæmt lögum. Reyndu alltaf að hafa skýr skil á milli auglýsinga og annars efnis.

Hvað kostar útvarpsleyfi?

Skammtímaleyfi fyrir útvarp kostar 10.000 kr. og hægt er að sækja um allt að þrjú mánuði í senn.



Aa

